



Árangursmat á nýannafyrirkomulagi í Borgarholtsskóla

Samanburður á hefðbundnum önnum og nýönnum

Guðrún Ragnarsdóttir og Anton Már Gylfason

Efnisyfirlit

Inngangur	3
1.0 Borgarholtsskóli og nýannir – af hverju?.....	4
3.0 Aðferðafræði	6
3.1. Þátttakendur.....	7
3.2 Mælitæki.....	7
3.3. Úrvinnsla	7
4.0 Niðurstöður	7
4.1. Úttekt á árangri og viðhorfum nemenda	7
Tafla 5. Brottfall.....	8
4.2 Sýn kennara	11
4.2.1 Jákvæð atriði og sterkustu rökin með nýannakerfinu	11
4.2.2 Neikvæð atriði og sterkustu rökin gegn nýannakerfinu:.....	12
4.2.3 Neikvæð gagnrýni þátttökukennara og tillögur að úrbótum	13
5.0 Eru nýannir ákjósanlegur kostur?.....	14
Heimildir:.....	16

Inngangur

Framhaldsskólinn stendur frammi fyrir miklum breytingum. Sumarið 2008 voru samþykkt ný framhaldsskólalög (lög nr. 92/2008) sem innleiða á í síðasta lagi 2011. Hugmyndafræði laganna er í anda nýskipan í opinberum ríkisrekstri (New Public Management – NPM). Lögnum er t.a.m. ætlað að ýta undir dreifstýringu með því að færa skipulag náms og námsáragerð til skólanna og draga þannig úr miðstýrði aðalnámsskrá. Einnig kemur það skýrt fram í lögnum að draga eigi úr brottfalli nemenda úr framhaldsskóla með markvissum aðgerðum, gera námið nemendamiðaðra og efla á ytra og innra gæðaeftirlit í skólunum (lög nr 92/2008; Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2010, 2009; Menntamálaráðuneytið, 2009). Borgarholtsskóli fékk styrk frá menntamálaráðuneytinu sl. sumar til þess að próa nýja menntastefnu eftir hugmyndafræði nýrra framhaldsskólalaga. Hluta af þeim styrk nýtir skólinn til að gera tilraun með nýannakerfi.

Lögin kveða á um breyttar námseiningar sem skilgreindar eru út frá vinnuframlagi nemenda (lög nr. 92/2008). Ein ný námseining jafngildir þriggja daga vinnu nemenda í 6-8 klukkustundir á dag. Eitt námsár jafngildir 60 nýjum námseiningum. Jafnramt stendur til að lengja skólaárið um 10 kennsludaga og afnema skil á milli kennslu og prófatíma. Þessar breytingar hafa í för með sér lengingu skólaársins og einsleitara skólaár. Þess vegna hefur Borgarholtsskóli ákveðið að gera tilraun með það að skipta skólaárinu upp í fjórar annir í stað tveggja. Þessar nýju annir hafa fengið nafnið **nýannir** en þá er áfangi kenndur á hálfri hefðbundinni önn eða í sjö vikur og helmingi fleiri tímar á viku. **Eldra kerfi** er það kerfi sem hefur verið á námi við skólann hingað til og stendur kennslan yfir í fjórtán vikur. Leitast verður eftir því í þessari ritgerða að bera saman þessi tvö kerfi m.a. út frá árangri. Rökin með nýannakerfinu eru ekki eingöngu lenging skólaársins heldur líka til að einfalda flókið skipulag skólans, auka skilvirkni kennslunnar og til að draga úr brottfalli því styttri tími líður frá upphafi náms í áfanga til námsmats. Nemendur koma til með að hafa færri áfanga undir á önn og því færri áfanga til að einbeita sér að á hverri önn. Einnig er það von skólayfirvalda í Borgarholtsskóla að skólasókn og námsárangur nemenda verði betri þar sem góð skólasókn er talin hafa forspárgildi um betri námsárangur og hærri árangurstengdar tekjur.

Í þessari skýrslu verður leitast við að reyna að svara því hvort fyrirhugað nýannakerfi í Borgarholsskóla sé ákjósanlegur kostur til að auka framleiðni skólans með bættri ástundun nemenda, betri árangri, bættri mætingu og betri nýtni í áfanga. Einnig verður því velt upp hvort hægt sé að meta árangur í skólastarfi eingöngu út frá tölulegum gildum. Tilraunin verður metin í þessari skýrslu út frá ástundun nemenda, sýn kennara á kostum og göllum

tilraunarinnar og fjárhaglegri hagræðingu með því að bera saman brottfall og nemendaígildi í eins áföngum sem keyrðir eru í nýnnakerfi og hefðbundnu annarkerfi í skólanum.

Markmið rannsóknarinnar er að kanna það hvort nýtt annarskipulag, nýannir, sé heppilegur kostur fyrir nemendur og kennara og skólann í heild sinni í nýju lagaumhverfi.

Rannsóknarspurningar:

Eru nýannir ákjósanlegur kostur?

- Er eingöngu hægt að meta nýannir í skólastarfi út frá árangursstjórnun?
- Hentar nýtt annarskipulag öllum kennslusviðum?
- Hvernig líkar nemendum og kennurum við nýtt annarskipulag?

1.0 Borgarholtsskóli og nýannir – af hverju?

Nýtt annarskipulag í Borgarholtsskóla, nýannir, var tilraunakennt núliðna önn. Ein af ástæðum breytinganna eru ný lög um framhaldsskóla (nr 92/2008) sem innleiða á í síðasta lagið haustið 2011 en þar kemur fram að leitast eigi við að draga úr brottfalli í framhaldsskólum:

“...skipulag skólastarfs miðist við kröfur og væntingar nemenda, þar sem sveigjanleiki námsskipulags verði stóráukinn, námsleiðum fjölgað og skilyrði sköpuð fyrir fleiri til að ljúka skilgreindu námi og þar með draga úr brottfalli [...]“

(Menntamálaráðuneytið, 2009)

Til þess að nemendur geti stundað nám á sem flestum brautum skólans og nýtt sér fjölbreyttar námsleiðir hans þvert á kennslusvið er mikilvægt að skipulag skólans verði einfaldað og gert einsleitara með aukinni þverfaglegri samvinnu kennslusviða því í skólanum eru í raun margir skólar (6 svið) með þremur ólíkum önnum. Almennri námsbraut er skipt upp í fjórar annir á skólaári, bíliðngreinar eru skipulagðar með stuttum sprettum í viku og að lokum er það annað nám í skólanum sem byggir á tveimur önnum á skólaári. Þessi þrjú kerfi gera það að verkum að erfitt er fyrir nemendur að nýta sér það fjölbreytta námsframboð sem í skólanum er og því andstætt þeirri tilvitnun sem vísað er í hér að ofan um fjölbreyttari námsleiðir og sveigjanleika.

Í kjarasamningar á milli Kennarasambands Íslands og ríkissjóðs (2005) miðast allt skipulag framhaldsskólanna út frá vinnuframlagi kennarans en í nýjum framhaldsskólalögum

(lög nr 92/2008) miðast öll vinna út frá vinnuframlagi nemandans eins og sjá má í eftirfarandi tilvitnun:

*“Öll vinna nemenda í framhaldsskóla skal metin í stöðluðum námseiningum og skal að baki hverri einingu liggja því sem næst jafnt vinnuframlag nemanda. Eitt námsár, sem mælir alla ársvinnu nemanda með fullnaðarárangri, veitir 60 einingar. Er þá miðað við að árlegur fjöldi vinnudaga nemenda sé að **lágmarki 180 dagar.**”*

(Menntamálaráðuneytið, 2009)

Í nýjum lögum um framhaldsskóla (lög nr 92/2008) kemur einnig fram að afnema eigi skil kennslu og prófatíma.

Í eldra annarskipulagi er starfstími framhaldsskólanna 9 mánuðir, frá 22. ágúst til 31. maí, samkvæmt kjarasamningi Kennarasambands Íslands og ríkissjóðs (2005). Kennslu- og prófadagar eru að lágmarki 175 (þar af 145 kennsludagar) og ber framhaldsskólakennurum að jafnaði að vinna 40 stunda vinnuviku fyrir 100% starf. Starfið skiptist í kennslu, undirbúning fyrir kennslu og önnur störf framhaldsskólakennara. Þar fyrir utan er fjögurra daga vinnuskylda sem ætluð er til undirbúnings og frágangs og einnig eru tvær vikur af starfstímanum ætlaðar í endurmenntun og annan undirbúning (Lög um framhaldsskóla, 1996, II. Kafli. 2. gr.).

Tafla 2 sýnir samanburð á vinnutíma framhaldsskólanemenda í dag og þeim tíma sem þeir koma til með að starfa við eftir innleiðingu nýrra laga. Þessi lenging kennslutímans gefur enn ríkari ástæðu til að brjóta upp langar einsleitar námsannir.

Tafla 1. Samanburður á starfstíma nemenda fyrir og eftir innleiðingu nýrra laga.

Fyrir innleiðingu	Eftir innleiðingu
73 kennsludagar	90 kennsludagar
16 vikur	18 vikur
11 prófdagar	Prófdagar ekki til
7 dagar í annað	Annað ekki skilgreint
91 dagar á önn	90 dagar á önn

Ýmis meðrök með nýannakerfi hafa komið fram en einnig mótrök eins og sjá má í töflu 3. Þess vegna er mikilvægt að öll svið skólans fái möguleika á því að tilraunakenna í nýannakerfi til þess að vega og meta kosti og galla slíks kerfis frá sem flestum sjónarhornum.

Tafla 2. Rök með og á móti nýannakerfi í Borgarholtsskóla.

Meðrök	Mótrök
Nemendur geta betur einbeitt sér að færri fögum <ul style="list-style-type: none"> nem. hafa betri yfirsýn yfir fagið þar sem þeir hafa færri fög undir 	Ekki jafn mikill tími til að sökkva sér í námsefnið <ul style="list-style-type: none"> Nemendur ná ekki eins mikilli dýpt Kjörbækur o.þ.h.
Betri yfirsýn kennara yfir nem. þar sem kennarar eru þéttar í tíma með nem. og kenna því færri nemendum á hverri nýönn í samanburði við fyrri annir	Tími fyrir tungumál o.fl. greinar til að síast inn glatast (langhlaup vs. spretthlaup)
Styttri tími milli náms og námsmats	Minni tími til að læra heima
Tíðara mat á ástundun nem.	Erfitt að nálgast námsbækur á „miðri önn“
Skipulagslegt hagræði => ólík skipulagskerfi deilda rekast ekki eins á <ul style="list-style-type: none"> aukin aðgangur nem. að öðrum deildum/sviðum skólans 	veikindi nemenda og kennara hafa meiri áhrif
Þéttari samvera nemenda með kennara	Skipulagslegt óhagræði – áfangastjórar þurfa t.a.m. oftar að skipuleggja nýjar annir.
Meiri möguleikar í verkefnatengdu námi <ul style="list-style-type: none"> skapar tækifæri fyrir vinnustofur og „heilsdagsskóla“ 	Í sumum tilfellum erfiðara að brjóta upp kennslu
Auknir möguleikar á samvinnu kennara því þeir starfa allir í sama kerfi	Fög mis vel til þess fallin að kenna í löngum lotum (t.d. fjóra tíma í beit)
Meiri tími til að undirbúa sig fyrir t.t. fag þar sem færri fög eru undir.	Hefðin
Minni hætta á brottfalli	
Marktækt hærri einkunnir samkv. rannsókn	

Ekki fundust margar rannsóknir sem bera saman ávinning styttri námsanna við þær lengri en rannsókn sem gerð var í Santa Monica College sýndi að styttri námskeið skiluðu undantekningalítið marktækt herra hlutfalli þeirra sem náðu, minna brottfalli og hærri námseinkunn. Rannsóknin náði til 414.076 nemenda á aldrinum frá 17 ára og uppúr. Borin voru saman sömu námskeið, kennd í 6, 8 og 16 vikur (Geltner og Logan, 2001).

3.0 Aðferðafræði

Tilraunakeyrsla á nýannakerfinu fór fram á haustönn 2009. Undir lágu 14 áfangar og 15 kennarar í grunndeild málmíðna, listnámi og bóknámi. Ýmsar athugannir voru gerðar til að svara rannsóknarspurningunum um nýannir. Þar má nefna spurningakönnun, rýnihópar, starfendarannsóknir og úttekt úr Innu. Hér verður einungis farið stuttlega í aðferðafræði rannsóknarinnar.

3.1. Þátttakendur

Leitað var eftir þátttöku allra nemenda og kennara sem þátt tóku í tilrauninni.

3.2 Mælitæki

Notast var við gögn úr Innu sem er skráningarkerfi framhaldsskólanna til að afla upplýsinga um brottfall, viðveru og einkunnir nemenda. Spurningalisti var hannaður og lagður fyrir nemendur til að fá upplýsingar um viðhorf þeirra til nýanna. Einnig voru rýnifundir með þátttökukennurum til að kanna viðhorf þeirra til nýanna og að lokum skiluðu kennarar skýrslu eftir að hafa unnið að starfendarannsóknum á starfi sínu í nýannakerfinu í kennslustofunni.

3.3. Úrvinnsla

Gögn rannsóknarinnar voru m.a. útfylltir spurningalistar sem varðveittir verða þar til úrvinnslu, skýrslu og greinaskrifum lýkur. Gögnin voru tölvuskráð í tölfræðiforritið SPSS 2006 og skráin varðveitt þannig. Tölvuskráðu gögnin eru með öllu ópersónugreinanleg.

Hálfopnum viðtölum var einnig beitt í rýnihópunum. Slík viðtöl byggja á víðum spurningum og opnum óstöðluðum samræðum þátttakenda (Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson, 2003). Viðtölin voru tekin upp og afrituð orðrétt í nótur með það að leiðarljósi að fá ítarlegur upplýsingar til að varpa ljósi á rannsóknarspurningar rannsóknarinnar. Kennarar skiluðu inn starfendarannsóknarskýrslum sem nýttar voru með sama hætti og afurð rýnihópanna.

4.0 Niðurstöður

Í niðurstöðum verður fjallað um svör nemenda um nýannir, upplýsingar úr Innu um brottfall, einkunnir og mætingu og viðhorf þátttökukennara til nýanna.

4.1. Úttekt á árangri og viðhorfum nemenda

Eftirfarandi niðurstöður er teknar úr viðhorfskönnun sem þeir nemendur sem þátt tóku í tilrauninni unnu og gögnum úr Innu (skráningarkerfi skólans).

Meirihluti námshópa vill stunda allt sitt nám í nýannakerfi eða tólf hópar af fjórtán samanber töflu 4. Sami nemendahópur er ósáttur með nýannakerfið á fyrri og seinni nýönn. Það eru nemendur í LKN 103 og STÆ 103. Þrátt fyrir þetta reyndist einungis einn hópur gefa nýannakerfinu falleinkunn. Nemendur í hraðferðaráföngum í íslensku, ensku og stærðfræði virðast síður vilja stunda allt sitt nám í nýannakerfi samanborð við sömu fög í hægferð.

Tafla 4. Meðaltalsánægja með nýannakerfið á skalanum 1-10 og hlutfall þeirra nemenda sem vilja stunda allt nám sitt í slíku kerfi.

Áfangi	Meðaltals- ánægja	Staðalfráv.	Já N	%	Nei N	%
Ens 102	7,51	1,73	35	72,9	13	27,1
Ens 103	7,44	1,97	29	60,4	19	39,6
Lkn 103	5,96	1,68	5	22,7	17	77,3
Plv 102	8,36	0,92	11	100,0	0	-
Lim 123	7,59	1,19	18	66,7	9	33,3
Ísl 102	6,80	2,20	34	75,6	11	24,4
Ísl 103	6,90	2,25	25	50,0	25	50,0
Stæ 102	7,95	1,82	17	85,0	3	15,0
Stæ 103	4,16	2,17	5	26,3	14	73,7
Sjl 203	7,65	1,30	17	81,0	4	19,0
Grt 103	7,05	2,30	16	88,9	2	11,1
Lsu 102	8,17	1,76	16	94,1	1	5,9
Lim 103	7,38	1,39	29	70,7	12	29,3
Sjl 103	7,30	1,64	19	73,1	7	26,9

Af þeim áföngum sem keyrðir voru í báðum kerfum var brottfall meira í prósentum í sex áföngum af tíu í eldra kerfi í samanburði við nýannakerfið eins og sjá má í töflu 5.

Tafla 5. Brottfall.

Áfangi	Eldra kerfi			Nýannir		
	Brottfall N	%	Heildarfj. N	Brottfall N	%	Heildarfj. N
Ens 102	3	4,6	62	1	1,9	52
Ens 103	1	3,7	26	0	-	52
Lkn 103	1	-	167	0	-	22
Plv 102	5	11,6	38	0	-	24
Ísl 102	17	17,2	82	1	1,9	51
Ísl 103	0	-	28	2	3,4	56
Stæ 102	20	12,2	144	3	12,0	22
Stæ 103	0	-	26	0	-	22
Grt 103	18	27,7	47	1	4,5	21
Lsu 102	8	12,5	56	2	8,7	21

Tafla 6 sýnir að fallprósentan reynist vera hærrí í eldra kerfi en í nýannakerfi eða í sex áföngum af tíu og meðaltalseinkunnin hærrí í tveimur áföngum af tíu í eldra kerfi samanborið við nýannakerfið.

Tafla 6. Samanburður á meðaltalseinkunn og fallprósentu í eldra anna kerfi og nýannakerfi.

	Eldra kerfi		Nýannir	
	Meðaleinkunn	Fallprósent*	Meðaleinkunn	Fallprósent*
Lsu 102	6,6	11%	7,3	5%
Plv	7,7	8%	8	0%
Ens102	5,5	26%	5,6	29%
Ens103	6,7	23%	7,3	2%
Ísl102	4,3	50%	4,4	45%
Ísl103	5,6	25%	5,7	16%
Lkn103	6,6	15%	6,5	18%
Stæ102	5,9	33%	4,8	45%
Stæ103	6,5	23%	7,2	14%
Grt103	5,8	40%	5,2	43%

*Inni í fallprósentunni eru einnig þeir nemendur sem mættu ekki í próf.

Samanber töflu 7 þá er meðalfjöldi fjarvista (F) í öllum tilfellum minni á nýönnum en hinum hefðbundnu þó misjafnt sé hversu miklu munar. Hins vegar eru skráð veikindi í flestum tilfellum meiri á nýönnum en hinum hefðbundnu önnum. Vegin mætingaprósenta og raunmæting er betri í öllum tilfellum í nýannakerfinu samanborið við eldrakerfi eins og sjá má í sömu töflu.

Tafla 7. Samanburður á viðveru á nýönnum og hefðbundnum önnum. M=mæting, F=fjarvist, S=seinkoma og V=veikindi.

Áfangi	Hópur	M	F	S	V	Fj.tíma	Fjarv. stig	Raun-mæting %	Mæting á önn %
ENS102	Tilraun	40	4	1	3	45	3	86,0	95,8
	Aðrir hópar	41	7	2	3	50	5	82,8	88,9
ENS103	Tilraun	84	4	1	6	89	1	95,1	99,3
	Aðrir hópar	57	8	0	5	67	5	86,5	93,4
GRT103	Tilraun	58	8	0	9	66	4	86,4	97,5
	Aðrir hópar	51	14	1	5	68	10	74,4	83,8
ÍSL102	Tilraun	41	5	1	4	47	3	88,0	95,9
	Aðrir hópar	32	10	1	4	44	7	71,6	83,1
ÍSL103	Tilraun	73	5	1	5	79	2	93,3	98,9
	Aðrir hópar	64	8	2	5	75	4	87,1	94,1
LKN103	Tilraun	73	4	0	5	78	2	94,1	98,9
	Aðrir hópar	62	6	1	3	68	3	90,2	96,0
LSU102	Tilraun	52	6	0	6	57	3	88,5	96,9
	Aðrir hópar	37	9	0	4	46	5	76,9	87,1
PLV102	Tilraun	47	5	0	6	51	1	90,8	99,1
	Aðrir hópar	37	8	0	4	45	4	79,7	89,0
STÆ102	Tilraun	90	6	0	8	96	3	93,5	98,1
	Aðrir hópar	57	12	1	5	69	7	80,7	89,8
STÆ103	Tilraun	71	5	0	8	76	1	93,5	99,6
	Aðrir hópar	73	7	0	4	82	4	90,2	95,3
Meðaltal tilraunahópa		63	5	0	6	68	2	90,9	98,0
Meðaltal hefðbundinna hópa		51	9	1	4	61	5	82,0	90,1

Eins og sjá má í töflu 8, þá er heildarnýting og nemendavísitala hagstæðari að meðaltali í nýannakerfinu en í hefðbundnu annarkerfi. Nýtingin er um 101,5% að meðaltali í nýannakerfi en um 90,7% í eldra kerfi. Vísitalan er lægri í nýannakerfinu eða 1,15 stig á mótí 1,25 stigum í eldra kerfi. Eins og fram kemur í kaflanum hér að framan um reiknilíkanið þá er meðaltalsnýting samanburðarhópanna beggja umfram 78% nýtingarkröfu ráðuneytisins.

Tafla 8. Nýting og vísitala.

Eldra kerfi										Nýannakerfi									
Áfangaskrá haust 2009					Vísitala 1,25					Áfangaskrá haust 2009					Vísitala 1,15				
Áfangi	Skráðir nemendur	Prófaðir nemendur	Fjöldi hópa	Hámark í hópi	Einingar	Kennslu stundir	Nýting	Nemendaein	Samræmdar nemndaein	Áfangi	Skráðir nemendur	Prófaðir nemendur	Fjöldi hópa	Hámark í hópi	Einingar	Kennslu stundir	Nýting	Nemendaein	Samræmdar nemndaein
Samtals	762	762	42	294	13	78	90,71	1904	2374	Samtals	478	478	22	294	13	78	101,47	1264	1456
Ens 102	62	62	3	25	2	4	248	124	124	Ens 102	52	52	2	25	2	4	208	104	104
Ens 103	26	26	1	25	3	6	104	78	78	Ens 103	52	52	2	25	3	6	208	156	156
Lkn 103	167	167	6	25	3	6	668	501	501	Lkn 103	50	50	2	25	3	6	200	150	150
Plv 102	38	38	4	12	2	4	317	76	158	Plv 102	24	24	2	12	2	4	200	48	100
Lim 123		0	0	25	3	6	0	0	0	Lim 123	28	28	1	25	3	6	112	84	84
Ísl 102	82	82	4	25	2	6	328	164	164	Ísl 102	51	51	2	25	2	6	204	102	102
Ísl 103	28	28	1	25	3	6	112	84	84	Ísl 103	56	56	2	25	3	6	224	168	168
Stæ 102	144	144	6	25	2	6	576	288	288	Stæ 102	22	22	1	25	2	6	88	44	44
Stæ 103	26	26	1	25	3	6	104	78	78	Stæ 103	22	22	1	25	3	6	88	66	66
Sjl 203	43	43	3	15	3	6	287	129	215	Sjl 203	12	12	1	15	3	6	80	36	60
Grt 103	47	47	4	15	3	6	313	141	235	Grt 103	21	21	1	15	3	6	140	63	105
Lsu 102	56	56	6	12	2	4	467	112	233	Lsu 102	21	21	2	12	2	4	175	42	88
Lim 103		0	0	25	3	6	0	0	0	Lim 103	53	53	2	25	3	6	212	159	159
Sjl 103	43	43	3	15	3	6	287	129	215	Sjl 103	14	14	1	15	3	6	93	42	70

4.2 Sýn kennara

Flestum kennurum líkaði vel við kennslu í nýannakerfinu. Einungis tveir af þeim níu sem mættu á rýnifundi sögðu afdráttarlaust nei við þeirri spurningu hvort kenna eigi alla áfanga skólans í slíku kerfi. Allir þátttakendur gátu séð bæði kosti og galla nýannakerfisins. Eftirfarandi atriði eru dregin upp úr nótum rýnifunda og starfendarannsóknarskýrslum þáttökukennara.

4.2.1 Jákvæð atriði og sterkustu rökin með nýannakerfinu

Kennarar voru almennt á því að þeir kynntust nemendum vel og fyrr í nýannakerfi í samanburði við hefðbundið kerfi samanber orð kennara „... það myndaðist svo góð hópstemming. Gat haldið meiri vinnuanda sem var gott.“ og annar sagði „ Gott að vera mikið með þeim, mér líkar þetta vel.“ Í skýrslu frá kennara kom eftirfarandi fram „... Það sem einkenndi þennan hóp var samkennd og sterk vinatengsl ...“ Þáttökukennarar töldu kynnin gera það að verkum að fyrr var hægt að bregðast við vandamálum einstakra nemenda. Flestum kennurum fannst einnig betra að vinna í skorpum samanber eftirfarandi orðræðu „Betra að vinna í skorpum. Gott að hafa markmiðslok ekki eins langt fram í tímann. Meiri vinna við

sama fag í lokinn. Færri viðfangsefni. Betra fyrir karla (hlátur)...“

Flestir töldu þetta krefjast fjölbreyttari kennsluhátta þar sem viðvera með nemendum var lengri í hvert skiptið samanber eftirfarandi orðræðu „...*Býður upp á mikla möguleika með fjölbreytta kennsluhætti. Það þarf að uppfæra verkefnið hugmyndalega séð“*. Kennurum fannst flestum engin ástæða til að slá af kröfum en þeir töldu ástæðu til að vera með aðrar áherslur, aðra uppbyggingu og aðra nálgun í kennsluháttum og námsmati.

Kennarar höfðu það á tilfinningunni að nemendur væru almennt ánægðir með nýannirnar og þeim fannst mæting þeirra vera betri en í hefðbundnu kerfi samanber eftirfarandi „*Nemendur eru einnig í mun betri tengslum við námefnið, það eru færri fög sem þarf að tileinka sér í einu. Þetta tel ég eiga stóran þátt í góðri mætingu og litlu brottfalli.“*

Kennarar töldu kerfið henta betur verklegum áföngum en bóklegum. Þrátt fyrir það voru einhverjir bóknámkennarar ánægðir með nýannafyrirkomulagið samanber eftirfarandi orð bóknámskennara „*mér líkaði þetta bara vel að flestu leiti“*. Jafnframt var nýannakerfið talið henta góðum nemendum betur en slökum þar sem þeir geta afkastað meiru á skemmri tíma. Einnig fundu kennarar fyrir því að nemendur voru með agaðri vinnubrögð eftir tvær nýannir en eftir sömu áfanga í eldra kerfi.

4.2.2 Neikvæð atriði og sterkustu rökin gegn nýannakerfinu:

Tímaramminn var kennurum hugleikinn. Þeim fannst allt ganga hraðar fyrir sig og fundu fyrir því að þeir þurftu að skila fyrr af sér afurð til þess að nemendur gætu brugðist við. Þetta gerði það að verkum að þeim fannst þeir hafa meira að gera „*Hélt fyrst að ég hefði meiri tíma þar sem ég væri lengur með nemendum en svo var ekki. ... tíminn flaug frá manni ... Halda þurfti mikið og vel á spilunum.“* Almennt fannst kennurum nemendur ekki fá nægan tíma til að melta viðfangsefnið „... *Gerjunin er stór hluti á námi“*. Veikindi nemenda og kennara voru talin hafa veruleg áhrif í nýannakerfi. Einnig kom það fram að á seinni nýönninni virtust nemendur hafa dvínandi úthald og því fylgdi agavandamál. Í sumum tilfellum myndaðist slakur bekkjarmóral í anda þess sem gerist í bekkjarskólum sem talið var „...*erfiðara fyrir kennara“*.

Einhverjir töldu þetta kerfi ekki henta öllum þeim fjölbreytta nemendahóp sem Borgarholtsskóla sækir, einkum slakari nemendum. Sér í lagi þeim sem erfitt eiga með að lesa mikið á svo stuttum tíma. Eins og einn kennarinn sagði „... *dragbíturinn er bara nemendurnir.“* Annar kennari hafði áhyggjur af heimavinnu nemenda í nýannakerfi „*Þegar áfangi er kenndur á styttri tíma þá kemur það niður á heimavinnu. Mér reyndist ómögulegt að koma fyrir jafn mikilli heimavinnu og hafði áður verið.“*

4.2.3 Neikvæð gagnrýni þátttökukennara og tillögur að úrbótum

Almennt var talið að sníða þurfi ágalla af tilrauninni ef innleiða á nýannir, t.a.m. tæknileg úrlausnarefni eins og betri undirbúning kennara og nemenda fyrir fyrirkomulag sem þetta, breytt prófafyrirkomulag, betri stuðning stjórnenda við verkefnið og skil (hlé) á milli anna. Erfitt reyndist fyrir þá kennara sem ekki fengu skil á milli anna að klára úrvinnslu námsmats. Samt fannst þeim kennurum sem fengu slík skil álagið vera mikið, „*Það var mikil vinna að skipta um áfanga á miðri önn.*“. Fram kom að mikilvægt væri að hálfu skólans að samræma skil á milli anna samanber eftirfarandi orð um mismunandi annarskil á milli námsgreina „...nemendur þurftu að vera viku lengur í listgreinum en öðrum fögum. ...svona atriði upplifa nemendur sem skipulagsleysi og þau verða óörugg. ... Þau hættu að treysta stundaskránni sinni...“

Einnig var talað um að aðlaga þurfi námsefni, námsmat og kennsluhætti í átt að nýjum framhaldsskólalögum sem kveða á um það að losna úr viðjum prófa og staðreyndanámi. Einn þátttakandinn sagði m.a., „*Ekki rétt að troða því gamla í nýtt kerfi*“. Eins kom fram að mikilvægt er að breyta tímatöflu skólans með því að hafa tímana styttri en oftár í viku (breyta í klst. kennslutíma) samanber eftirfarandi orðræðu „*Það reyndist ekki vel að hafa tvær samliggjandi 80 mínútna kennslustundir með 10 mínútna hléi á milli. Tímarnir eru of langir til að nemendur geti haldið einbeitingu.*“ Einnig kom fram vandamál varðandi loftleysi í stórum námshópum sem voru saman í svo langan tíma. Loftleysið leiddi svo til þess að nemendur áttu erfitt með að einbeita sér.

Talið var að það vandamál sem lýst var hér að ofan með heimavinnu nemenda á svo stuttum tíma myndi leysast í nýju lagaumhverfi því löggin kveða á um það að nemendur geti sinnt heimanámi sínu innan 6-8 vinnustunda skóladags samanber eftirfarandi tilvitnun „*Það sem núna flokkast sem heimavinna er líklegt að komi til með að falla undir vinnu sem fram fer á vinnutíma nemenda í skólanum.*“

Upp kom neikvæð gagnrýni á yfirstjórnendur skólans. Þátttakendum fannst vanta stuðning og skilning frá stjórnendum. „*Ég upplifði það þannig að stofnunin væri ekki þátttakandi í þessu með okkur. Stjórnendur hafa ekki spurt mig hvernig gangi, enginn faglegur áhugi á þessu máli*“. Jafnframt var mikil óánægja með það litla svigrúm sem kennarar fengu við yfirsetu á prófatíma og það skilningsleysi sem þeir mættu þar. „*Ég var undrandi þegar ég fékk yfirsetutöfluna í hendur því ég hafði staðið í þeirri meiningu að ég hafi verið búin að vinna af mér einhverja yfirsetu.*“ og þetta „*mér finnst skólinn sem stofnun alls ekki sýna mér tillitsemi. Ekkert klapp á bakið og ekkert tillit tekið til þess að við erum að fara í gegnum heilmikið aukaálag.*“

Bent var á mikilvægi þess að skólinn efli samræðu á milli kennara og efli kennara með námskeiðum fram að innleiðingu nýrra laga. Námskeiðin gætu snúist um breytta kennsluhætti og nýja nálgun í námsmáti.

Það fer ágætlega að enda á eftirfarandi orðum „*Mér finnst lykilatriði að í framtíðinni eigi að leitast við að skipuleggja skólann sem heild. Það sé ekki verið að búa til flókið skipulag að óþörfu.*

5.0 Eru nýannir ákjósanlegur kostur?

Nýskipan í opinberum rekstri byggir m.a. á því að bæta þjónustu opinberra stofnanna, auka skilvirkni og hagkvæmi í rekstri, að stuðla að árangursstjórnun (Fredricson og Smith, 2003) og gæðum (Ríkisendurskoðun, 2003) eins og komið hefur fram. Hér að framan hefur verið farið í gegnum árangursmat á nýannartilraun með því að skoða viðhorf tilraunarnema, viðhorf og sýn þátttökukennara, árangur nemenda og fjárhagslega hagræðingu með nýönnum.

Niðurstöðurnar leiða það í ljós að nýannir eru ákjósanlegur kostur fyrir Borgarholtsskóla sem skipulagsheild út frá fjárhagslegu sjónarmiði. Það virðist nást betri ávinningur með nýönnum á formi minni brottfalls, betri mætingu, hærri einkunna, hagstæðari nemendavísitölu og betri nýtni í hópum. Það þarf samt að hafa það í huga að þeir nemendur sem þátt tóku í tilrauninni voru flestir nýnemar en í samanburðarhópum voru einnig lengra komnir nemendur. Úttektir hafa sýnt fram á það að mæting er betri í hópi nýnema en þeirra sem eldri eru (Guðmundur Árnason, 2007) og væntanlega á þetta einnig við um brottfall því leiða má líkum að því að brottfall aukist eftir því sem mæting verður slakari.

Nemendur virðast flestir vera ánægðir með nýannirnar sem ætti að veða töluvert þegar ákvörðun verður tekin í ljósi þess að samkv. NPM eru ríkisstofnanir þjónustustofnanir sem þjónusta viðskipavini og í þessu tilfelli nemendur. Nemendur í hraðferðarúræðum (stæ 103, ens 103 og ísl 103) virðist síður líka það að stunda nám sitt í nýannakerfi samanborið við nemendur í sömu áföngum í hægferð sem er andstætt við tilgátu kennara í rýnihóp. Hans tilfinning var sú að nýannir henti betur bráðgerðum nemendum í hraðferðarúræðum.

Kennararnir voru flestir ánægðir með fyrirkomulagið en vísbendingar í gögnunum sýna að nýannir henti ekki öllu námi vel samanber bóknámsáfangi sem krefjast mikils lesturs og gerjunar.

Jafnframt felst ávinningur af nýannakerfinu á formi skipulags því ef af verður er mikilvægt að allar deildir skólans mætist á miðri leið í sama skipulagi til þess að nemendur geti betur nýtt sér það fjölbreytta námsúrval sem í skólanum er. Þetta kemur til með að auðvelda áfangastjórum allt skipulag því kerfið verður einsleitara þrátt fyrir tíðari töflugerðir.

Hafa ber í huga að erfitt er að meta skólastarf út frá árangri einum saman, einkum og sér í lagi í svo fjölbreyttu skóla eins og Borgarholtsskóla. Í skólanum finnst þversnið af samfélaginu. Þessi fjölbreytileiki gerir það að verkum að erfitt er að meta nýannir eingöngu út frá árangursstjórnun eða eins og Albert Einstein sagði „*Not everything that can be counted counts and not everything that counts can be counted*“.

Heimildir:

- Björn Bjarnason. (2001). *Auglýsing nr. 4/2001 um almennt hlutfall námseininga og kennslustunda, hópastærðir og breytileg viðmið kennslustunda í framhaldsskólum*: Menntamálaráðherra.
- Frederickson, H. G. og Smith, K.B. (2003). *The public administration theory primer*. Colorado: Westview Press.
- Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2010 (2009). *Fjárlög*. Sótt 30. nóvember 2009, af <http://datamarket.net/is/thjonusta/gagnagraejur/daemi/fjarlog/>
- Geltner, P. og Logan, R. (2001). *The Influence of Term Length on Students Success*. Santa Monica Collage. Ovvide of Institutional Research.
- Guðmundur Árnason. (2007). *Vefrit Menntamálaráðuneytisins*. 5. tbl. Sótt 6. nóvember 2009 af http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf_Vefrit/05-2007.pdf
- Green, J. og Thorogood, N. (2005). *Qualitative Methods for Health Research*. UK: SAGE
- Hagstofan (2009). *Hagtölur*. Sótt 30. nóvember 2008 af <http://hagstofan.is/Hagtolur/Skolamal/Framhaldsskolar>
- Kennarasambands Íslands og ríkissjóður. (2005). *Kjarasamningur Kennarasambands Íslands fyrir framhaldsskóla og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs 18. mars 2005*. Gildistími frá 1. febrúar 2005 til 30. apríl 2008.
- Lög nr. 80 11. júní 1996.*
- Lög nr 92 12. júní 2008.*
- Menntamálaráðuneytið (2009). *Ný menntastefna*. Sótt 25. nóvember 2009 af: <http://www.nymenntastefna.is/Namskrargerð>
- Menntamálaráðuneytið (2007). *Aðalnámskrá framhaldsskóla*. Sótt 4. desember 2009 af: <http://menntamalaraduneyti.is>
- Reglugerð nr. 6/2001 *um starfstíma framhaldsskóla og leyfisdaga*.

Ríkisendurskoðun. (2003). *Náðist árangur?* Úttekt á árangursstjórnun í ríkisrekstri

Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson. (2003). *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.